

**Nr. 18-161 S 107 Höfrungur III AK 250*****Skipverji slasast á hendi***

*Skipaskr.nr.*: 1902  
*IMO*: 8704987  
*Smíðaður*: Kristinasund N. Noregi 1988  
*Útgerð*: HB Grandi hf  
*Stærð*: 784,1 brl. 1521 bt.  
*Mesta lengd*: 55,6 m *Skráð lengd*: 47,52 m  
*Breidd*: 12,8 m *Dýpt*: 8 m  
*Vél*: Wichmann 3000 kW, 1988  
*Fjöldi skipverja*: 27



Höfrungur III ©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
*Slysatilkynning frá skipi*  
*Gögn RNSA*

*Málið afgreitt á fundi þann 1. febrúar 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 26. mars 2018 var Höfrungur III AK 250 á siglingu á SV miðum. Veður: SA 23 m/sek og ölduhæð 3 m.

Skipverji hafði teygt sig yfir snyrtiborð og náð í snyrtihníf með vinstri hendi þegar velta kom á skipið, hann hrasaði og hnífurinn stakkt í hægra handarbak hans. Ákveðið var að sigla með slasaða til Grindavíkur þar sem hann varð óvinnufær og sækja annan mann í staðinn.

***Við rannsókn kom fram:***

- að skurðurinn var neðst við vísifingur þvert yfir og upp á handarbakið;
- að saumuð voru þrjú spor í sárið um borð;
- að skipverjinn var með gúmmívettlinga sem notaðir voru við snyrtingu;
- að hann var frá vinnu í eina og hálfu viku.

***Nefndarálit:***

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.